
Seljaland í Rangárþingi eystra:

Deiliskráning í landi Ytra-Seljalands



SÓLVEIG GUÐMUNDSDÓTTIR BECK OG RAGNHEIÐUR GLÓ GYLFADÓTTIR

REYKJAVÍK 2023
FS940-23121

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES



*Á forsíðumynd er horft til suðvesturs yfir útibúsatóftir RA-069:015 og 016
í átt að Ytra-Seljalandi og Bjallanum. Glittir í Markarfljót og Vestmannaeyjar í fjarska.
Myndina tók Sólveig G. Beck.*

©2023

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS SES
BRÆDRABORGARSTÍGUR 9
101 REYKJAVÍK

SÍMI: (+354) 5511033
NETFANG: fsi@fornleif.is
www.fornleif.is

Efnisyfirlit

SAMANTEKT.....	4
SUMMARY	4
1. INNGANGUR.....	5
2. SAGA FORNLEIFASKRÁNINGAR OG LÖGGJÖF	7
3. AÐFERÐIR VIÐ FORNLEIFASKRÁNINGU	9
4. FORNLEIFASKRÁ.....	11
5. NIÐURSTÖÐUR.....	29
6. HEIMILDASKRÁ.....	35
VIÐAUKI 1: HNITASKRÁ ISN93.....	36
VIÐAUKI II: MINJAKORT	37

Samantekt

Í þessari skýrslu er fjallað um niðurstöður deiliskráningar á tveimur svæðum í landi Ytra-Seljalands í Rangárþingi eystra. Svæðin eru samtals um 175 ha og innan þeirra eru áætlanir um frístundabyggð beggja vegna við þjóðveg 1. Aðalskráning hafði áður verið gerð á svæðinu árið 2013 og voru þegar þekktir um 15 minjastaðir innan svæðis 1 í heimatúni. Farið var á vettvang í apríl 2023 og alls var skráður 21 minjastaður. Áveitumannvirki eru sunnarlega á svæði 1 neðan þjóðvegur, en um 20 minjastaðir voru skráðir innan svæðis 2 ofan þjóðvegur, þar sem umfang og þéttleiki minja er mikill. Þær minjar sem eru innan úttektarsvæðisins eru allar skilgreindar í stórhættu vegna mögulegra framkvæmda.

Efnisorð: deiliskráning fornleifa, Seljaland, Markarfljót, Eyjafjöll, heimatún, sumarústaða- og frístundabyggð

Summary

In this report are the findings and conclusions of a detailed field survey carried out within two areas at Ytra-Seljaland in Rangárþing ytra in South-Iceland to estimate the potential of developing summerhouse clusters within them. The size of the two areas is about 175 ha in total. The assessment areas once belonged to Seljaland farm. An initial general archaeological survey was done in the area in 2013 and about 15 archaeological sites were previously known in area 2 within the homefield. Majority of the 21 archaeological sites registered in 2023 are in that area, which is only 20 ha in size. All of the archaeological sites are considered at great risk of being affected by future construction work within the assessment areas.


Keywords: detailed archaeological survey, Seljaland, Markarfljót, Eyjafjöll, homefields, summerhouse area

1. Inngangur

Í þessari skýrslu er gerð grein fyrir deiliskráningu *Fornleifastofnunar Íslands ses* á fornleifum innan tveggja deiliskipulagssvæða í landi Ytra-Seljalands, Rangárþingi eystra. Samanlagt eru þau um 175 ha að stærð. Áður hafði Fornleifastofnun Íslands aðalskráð minjar¹ á þessu svæði árið 2013 en skráningin uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til deiliskráningar og var því nauðsynlegt að ganga umrædd úttekarsvæði í leit að fornminjum og mæla alla þekkta staði upp með nákvæmum hætti. Annað svæðið er sunnan við Þjóðveg 1 og er kallað svæði 1 hér eftir. Það er um 155 ha að stærð en að viðhöfðu samráði við minjavörð Suðurlands var ákveðið að eingöngu þyrfti að þaulganga 50 ha þess, þ.e. það svæði sem er utan túna og skógræktar, en Markarfljót rann áður yfir svæðið að stórum hluta. Hitt svæðið, svæði 2, er norðan og vestan við bæinn Ytra-Seljaland, í hlíðum Seljalandsmúla, og er það mun minna, eða um 20 ha að stærð. Við skráningu var gengið skipulega yfir báða reitina, allar fornleifar hnitsettar og öll yfirborðsummerki um fornleifar mældar upp. Alls voru um 15 minjastaðir þekktir úr eldri skráningu. Innan reitanna voru samanlagt skráðar 27 fornleifar á 21 minjastað, langflestar norðan Þjóðveggar 1, innan svæðis 2.

Vettvangsvinnan var unnin í apríl 2023 af Sólveigu G. Beck og Ragnheiði Gló Gylfadóttur, fornleifafræðingum. Heimildamaður var Hálfdan Ómar Hálfðanarson (f. 1949). Allar ljósmyndir í skýrslunni eru teknar af skrásetjorum en loftmyndir eru frá Loftmyndum ehf. Báðar sáu Ragnheiður og Sólveig um ritun skýrslu og frágang en Sólveig sá að auki um kortagerð. Uppbygging skráningarskýrslunnar er hefðbundin. Í kjölfar inngangs koma kaflar um sögu fornleifaskráningar og aðferðir við slíka skráningu. Á eftir fylgir svo fornleifaskrá með teikningum og ljósmyndum af skráðum fornleifum innan úttekarsvæðisins. Í kjölfarið kemur kafli þar sem helstu niðurstöður eru dregnar saman. Aftast í skýrslunni eru svo heimildaskrá, hnitaskrá og minjakort.

¹ Ragnheiður Gló Gylfadóttir: 2016



Mynd 1. Yfirlitsmynd af deiliskráningarsvæðum 1-2 í landi Ytra-Seljalands. Staðsetning svæða er merkt sem grænn punktur á Íslandskorti. Svæðin sem þaulgengin voru innan svæðis 1 eru sýnd með hvítum punktalínunum sem afmarka byggingarreitina (sjá skýringar mynd 2). Loftmyndir: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.

2. Saga fornleifaskráningar og löggjöf

Hátt á aðra öld er liðið síðan skráning fornleifa hófst á Íslandi en þó er enn langt í land að til sé heildstæð skrá um fornleifar á landinu. Á síðustu áratugum 19. aldar voru margir minjastaðir kannaðir á vegum Hins íslenska fornleifafélags, einkum staðir sem á einn eða annan hátt tengdust fornsögum og sögu þjóðveldisins. Eftir aldamótin 1900 dró úr fornleifakönnun á vegum félagsins og var þráðurinn ekki tekinn upp að nýju fyrr en um og eftir 1980.

Skoðanir manna á því hvað teljast fornleifar hafa breyst mikið á þessum tíma. Byggingar sem voru hversdagslegar fyrir hundrað árum eru nú orðnar minjar um horfna lífshætti. Skilningur hefur vaknað á nauðsyn þess að skrá upplýsingar um slíkar minjar og vernda þær fáu sem eftir eru fyrir komandi kynslóðir. Nauðsynlegra upplýsinga um gerð og ástand fornleifa er aðeins hægt að afla með vettvangsathugun og við það er venjulega átt með hugtakinu fornleifaskráning (ýmist aðal- eða deiliskráning). Til þess að vettvangsathugun komi að fullu gagni verður þó fyrst að taka saman ýmsar upplýsingar, bæði skriflegar og munnlegar, sem vísa á minjastaði og geta gefið vísbendingar um hlutverk mannvirkjaleifanna (svæðisskráning).

Á undanförunum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 3. grein laga um menningarminjar (nr. 80, 2012), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: „Fornleifum, [...] jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað [...]“. Er þessi fornleifakönnun í anda markmiða sem sett hafa verið með þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölbætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

- a. búsetulandslag, skrudgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bæn húsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarminjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og

- önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Minjar 100 ára og eldri teljast til fornleifa, en heimilt er þó að friðlýsa yngri minjar.

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu er fylgt við hefðbundna fornleifaskráningu. Friðhelgað svæði umhverfis fornminjar skal vera 15 metrar nema annað sé ákveðið í samvinnu við Minjastofnun Íslands, og 100 m umhverfis allar friðlýstar fornleifar. Ef nauðsynlegt er talið að spilla fornleifum eða hylja þær, þarf að leita heimildar Minjastofnunar Íslands.

3. Aðferðir við fornleifaskráningu

Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti (ÁR, SP o.s.frv.) og hver jörð hefur þriggja stafa númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Skipting jarða um miðja 19. öld ræður ekki aðeins númerum í skránni heldur er miðað við hana þegar ákvarðað er hvaða jörð ákveðnir minjastaðir tilheyra. Hverjum minjastað er gefin kennitala sem er þriggja stafa númer sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: ÁR-142:013). Ef fleiri en ein fornleif er á minjastað bætist einingunúmer aftan við (dæmi: NM-162:001_01). Í skýrslunni eru aðeins birtar upplýsingar um þær minjar sem eru innan áhrifasvæðisins. Af þeim sökum er númeraröðin ekki samfelld í fornleifaskránni. Í skránni fær hver minjastaður eina efnisgrein og er framsetning upplýsinganna stöðluð. Í fyrstu línu hvers greinar eru grunnupplýsingar; auðkennisnúmer, sérheiti, tegund, hlutverk og hnattstaða. Á eftir auðkennisnúmeri kemur sérheiti hennar ef eitthvert er og síðan tegund. Með tegundarflokkun er leitast við að skilgreina hvers eðlis fornleifin er, þ.e. hvort um er að ræða mannvirki af einhverju tagi sem enn sést, og þá hverskyns (t.d. tóft, garðlag eða varða), mannvirki sem vitað er um en er horfið (heimild, örnefni) eða fornleif sem ekki hefur verið mannvirki (álagablettur, sögustaður eða vað). Allir fornleifastaðir eru greindir til tegundar en hlutverk þeirra er ekki alltaf hægt að ákvarða.

Á eftir hlutverki kemur hnattstaða minjastaðarins. Mæling hnattstöðu er gerð með GPS staðsetningartækjum af gerðinni Trimble Geoexplorer 6000 (ISN93) og er annars vegar mældur punktur með kennitölu í miðju hvers minjastaðar og þar sem yfirborðsummerki sjást er gerð uppmæling af þeim. Samkvæmt lögum hafa allar fornleifar 15 m friðhelgað svæði frá ystu mörkum minjastaðarins en friðlýstar fornleifar 100 m friðhelgi. Þar sem getur um „heimild um...“ t.d. útihús, þá er átt við að eingöngu eru til heimildir um staðinn en minjar hafa ekki fundist á vettvangi við skrásetningu. Þótt engar minjar hafi fundist, er engu að síður tekin hnattstaða staðarins ef unnt hefur verið að ákvarða hann á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga með 50 metra fráviki eða minna.



Í annarri línu hefst lýsing minjastaðar oftast á tilvitnun í fyrirliggjandi heimildir en síðan er staðsetningu hans lýst. Þar á eftir kemur oft lýsing á aðstæðum og síðast lýsing á mannvirkinu sjálfu ásamt öðrum upplýsingum sem við eiga.

Í næstsíðustu línu er lagt mat á þá hættu sem minjastaðurinn kann að vera í. Meginreglan í skráningu er að minjastaðir sem eru innan marka deiliskipulags séu í stórhættu vegna framkvæmda. Með því er ekki lagt mat á gildi minjastaðanna sjálfra, aðeins vakin athygli á að umræddur staður kunni að teljast í talsverðri hættu vegna framkvæmda. Í mörgum tilfellum má afstýra yfirvofandi hættu með

Því að tryggja að minjastaðir víki ekki eða verði fyrir skaða í framkvæmdum. Í síðustu línu er getið heimilda ef einhverjar eru, oft með skammstöfunum, en úr þeim er leyst í heimildaskrá aftast í skýrslunni.

Númer jarðar í Jarðatah Johnsens Númer fornleifar á tiltekinni jarð Sérhæfi Tegund Hlutverk Húsnúmer í Landshlutakerfi ISN03

Sýsluráki SF-175:009 Sveinshlaða (töfl) hlaða E: 528751 N: 352323

Sveinshlaða 009, horfi til norðurs

Ijósmynd af minjastað og uppmyling/teikning

Á túnakorti frá 1920 og bæjarteikningu danskra mælingamanna frá 1904 er sýnt óthúsið í túnjaðri um 210 m norðan við eldra bæjarstæði 001 og 80 m norðvestan við yngra bæjarstæði 003. Á þeim stað er stæðileg hlöðutöfl sem nefnist Sveinshlaða og samtengt eða eldra mannvirki norðvestan við hana. Sveinshlaða er 16 m suðvestan við miðlinu Skalfártunguvegar (208) þar sem fyrirhugaðar eru framkvæmdir og telst því í stórhættu vegna vegagerðar. Töflin er í túnjaðri fast suðvestan við Skalfártunguveg (208). Túnið er í allmiklum halla til suðvesturs.

Heildarstærð töflarinnar er 23x14 m og snýr hún norðvestur-suðaustur. Í suðausturluta hennar er Sveinshlaða sem er 15x13 m að stærð og snýr norðvestur-suðaustur. Hún er 5x6 m að innamáli og snýr norðaustur-suðvestur. Hlaðan er niðurgrafin um 1 m og eru veggir hennar um 2 m á hæð innanmáls. Norðvestan við hlöðuna er annað hölf eða annað mannvirki og er það torfhlaðið. Það er þríhyrningslaga og er 9x6 m að innamáli, mjókkar til norðvesturs. Op virðist vera inn í það í suðurhorni. Veggir þess eru 0,3-0,4 m á hæð og 2-2,5 m á breidd en veggir hlöðunnar eru 4-5 m á breidd. Höllin virðast vera samtengt en hlaðan er mun yngri að sjá en höllin norðvestan við hana. Nokkur hölmyndun er undir norðvesturluta töflarinnar og ljóst að mannvirki hafa verið á þessum stað í langan tíma.

Hættumat: stórhætta, vegna vegagerðar Hætta sem steðjar að fornleif

Heimildir: Túnakort 1920

Hicinild sem vísað er í, nánari færsla í heimildaskrá

Skýringar

- Fornleifar
- torf
- torf og grjótt
- Skurðir og lækir
- - - Afmörkun úttektarsvæða og byggingarreitir

Mynd 2. Dæmi um framsetningu upplýsinga um minjar í skýrslum Fornleifastofnunar Íslands. Skýringar hér að ofan eiga við um allar teikningar og kort sem finnast í þessari skýrslu.

4. Fornleifaskrá

RA-069 Seljaland

30 hdr. 1709, var áður 50 hdr með Tjörnum. Bænhús var á jörðinni. Jörðin byggist snemma, talað um hof Runólfs goða í dal á jörðinni. „[1332]: [úr Dal] skal syngia ... annann huern dag helgann. a selialand oc suá aa fit takast ij merkur af huarre kirkiunne.“ (DI II 683). „[1371]: [úr Dal] skal syngia [...] annan huern dag helgann a fit og selialand. taka ij merkur af huerre kirkiunne.“ (DI III 262-263). Jarðabók Árna og Páls 1709: „Rekafjara liggur fyrir landi jarðarinnar, kölluð Merkurfjara, hvar af ábúandi á leiguleið gagn, en hann segist það ekki nýtt geta vegna fjarlægðar.“ 1709 voru hjáleigur 6 og allar í eyði. Péturssel, Kyrnytarstaðir, Rotbakkar, Hátún RA-069:049, Hvassatún RA-069:050 og Setberg RA-069:051. Tveir bæir voru byggðir úr landi Seljalands að Tjörnum til forna (JÁM I, 87-88). „Víðsýnt er til suðurs í átt til hafs, um láglendi byggðarinnar, nú gróið. Markarfljót rennur vestan við land Seljalands og um hið forna land jarðarinnar suðvestanvert. Nær land jarðarinnar allt til sjávar. Til austurs frá bænum er fjallendi og heiðarland. Seljalandsheiði.“ Tvö nýbýli, Eystra-Seljaland 1957 og Ytra-Seljaland 1944. Einnig býlið Seljalandsel en ekki er getið um það hvenær það byggðist fyrst (SB IV, 172-175). Jarðabók Árna Magnússonar 1709: „Túni, engjum og högum grandar moldar- og grjótskriður, jarðföll og blástur stórum, og liggur jörðin þar fyrir undir miklum spjöllum. Af landi jarðarinnar halda menn að vísu helming eyddan og kominn í auk og skriður.“ (JÁM I, 87). Sýslu- og sóknalýsingar Rangárvallasýslu 1838: „[...] þar er sæmilegur heyskapur og útigangur. Hefur jörð þessi misst sín tún og engjar fyrir Markarfljóti“ (SSR, 59). Túnakort 1924: Austurbær: Tún 5ha, garðar 1860m². Vesturbær: Tún 4,7 ha, garðar 1540m².

RA-069:011 Hnaukahús tóft beitarhús

A 450847 N 345688

Í ornefnaskrá Seljalands segir: „Þar sem fjárhús Seljalandsmanna eru uppi í heiðinni, heita Hnaukar.“ Hnaukahús 011_01 eru sambyggð beitarhús A og hlaða B um 460 m NNV við bæjarhól 001 og um 310 m norðaustan við Kverkarhelli 030. Tóftirnar eru á mjóum grasigrónu hjalla fast undir klettahól sem kallast Hnaukar. Brekkan sem tóftirnar sitja í hallar á þessum stað mildilega til suðvesturs. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 segir: „11) e) Í N frá bænum, upp í hlíðinni, um miðja vegu upp í fjall, er mjög vel varðveitt hlaða með fjárhúsum. Þvert á - myndar L. Hlaða vísar í 315°, fjárhús í 224°. Innan br hlöðu 5,3, l 5m, niðurgrafin. Öll innan l (hlaða + fjárh.br) 10,1. Innan l fjárh 9,3. Veggjaþykkt 1,5 c 3.5 hærra. Dyr br 1,75. Dýpt hlöðu mest c 2 m. Gafl stendur þó. Utan br fjárh. 7,7, l hlöðu 7.6, br 8,7. Öll utan br. 12,3 (br hlöðu + endi fjárh.). Túngarður liggur niður hlíðina SA við. 12) NV við, í sömu stefnu og fjárhús er laut, eftir niðurgrafið hús, c 4x2, 1.2 m djúpt líkl hlaða.“


Á þessum stað eru tvær tóftir 011_01 og 011_02 á svæði sem er um 30x15 m að flatarmáli og snýr VNV-ASA. Tóft 011_01 er tvískipt, hlaðin úr torfi og grjóti og um 11,5x11,5 m að flatarmáli. Veggir tóftarinnar standa ennþá nokkuð óbreyttir þó innri norðvesturveggur sé tekinn að síga inn í tóftina. Veggirnir eru vel grasigrónir að utan og grjóthleðslur að innan. Fjárhúshólfíð (A) er um 7,5x3,5 m að innanmáli og liggur norðaustur-suðvestur. Gengið er inni hólfíð úr suðvestri um 0,5 m breiðan inngang sem er tekinn að síga saman. Aðeins eru um 1,5 m frá innganginum út á brekkubrún suðvestan við tóftina. Grjóthlaðin garðaundirstaða er um 0,5 m á breidd, um 0,5 m á hæð og liggur samsíða langveggjum norðaustur-suðvestur. Undirstaðan er um 7 m á lengd en gengið var fyrir hana um 0,5 m bil við innganginn en norðausturendi er samfastur norðausturvegg. Garðaundirstaðan er þó ekki í miðju hólfínu heldur aðeins um 1 m norðvestan við suðausturvegg. Norðvestari kró er því helmingi breiðari eða 2 m. Ekki er því ólíklegt að jata hafi verið meðfram norðvesturvegg. Hlaðan (B) er sambyggð fjárhúsinu að suðaustan verðu en hún er helmingi styttri en fjárhúsið eða 4x4 m að innanmáli. Timburþil hefur skilið á milli fjárhúss og hlöðu en gengið var inni hlöðu til suðausturs inni í tóftinni norðaustanverðri. Fjárhús og hlaða deila norðausturvegg sem að innan er um 7,5 m á lengd.

Gólf hlöðu hefur verið að minnsta kosti 0,5 m lægra en gólf fjárhúss. Veggir fjárhússins eru einnig aðeins 1,5-2 m á meðan veggir hlöðu eru 2-3 m. Suðausturveggur hlöðu er hæstur. Þak tóftar er alveg horfið. Um 2 m VNV við útvegg tóftar 011_01 er grasigróin dæld 011_02. Dældin er ferköntuð, um 4x3 m að innanmáli og liggur samsíða fjárhúsi norðaustur-suðvestur. Dældin er 1-1,5 m djúp en brúnir hennar eru signar og vel grasigrónar. Hlutverk dældarinnar er óljóst en ekki er ólíklegt að hér hafi verið einhvers konar niðurgrafið mannvirki, hugsanlega heystæði. Engar hleðslur eru sjáanlegar.

Þessar tóftir voru mældar upp í apríl 2023 og hafa þær lítið breyst. Samkvæmt heimildamanni, Hálfani Ómari Hálfanarsyni, var hætt að nota húsin um 1955.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Seljaland, 2; GS: drög að byggðasögu



Mynd 3. Hnaukabús RA-069:011. Fjar á myndinni eru beitarhús og blaða 011_01A og 01B og nær er dæld 011_02. Horft er til ASA. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

RA-069:013 tóft óþekkt


A 450771 N 345657

Vel grasgróið garðlagsbrot er í Gimbragerði 055 um 80 m VSV og neðan við Hnaukahús 011 og um 460 m NNV við bæjarhól 001. Á þessu svæði er þýft graslendi fast undir grasgróinni brekku sem hallar til suðvesturs. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur árið 1980 segir: „13) f) SV af e) [sjá 011], niðri í laut, [...], eru torfhláðnir, lágir veggir sem mynda horn inn í lautina. Vísa í 220° (c. 12 m) & 320° (c. 10 m), br c 2 m, h 0,75m. Garðurinn í 220° er skorinn af gili - líkl girðing um tún.“ Garðlagið er L-laga og afmarkar svæði að norðan og austan sem er um 22 m á lengd og um 12 m á breidd. Garðlagið er vel grasgróið, 1,5-2 m á breidd, 0,2-0,5 m á hæð og samtals um 35 m á lengd. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar. Hlutverk garðlagsins er óljóst en líklega er hér um túngarð eða vörslugarð að ræða.

Þessi staður var aftur sóttur heim í apríl 2023 og skráning endurskoðuð. Við nánari athugun gæti verið hér um að ræða bæði tóft og garðlag og voru minjarnar mældar upp. Tóftin er vel grasgróin, um 15 m á lengd, um 8 m á breidd og snýr austur-vestur. Innmál tóftar er um 6x2,5 m og snýr eins. Enginn inngangur er greinanlegur og hleðslur eru signar. Út frá suðausturhorni tóftar liggur breitt, sigið garðlag sem er um 16 m á lengd og 3-4 m á breidd. Engar grjóthleðslur eru greinanlegar og hlutverk mannvirkjanna er óþekkt.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GS: drög að byggðasögu



Mynd 4. Tóft og garðlag 013 innst í Gimbragerði 055. Horft til VSV. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.

RA-069:014 garðlag túngarður

A 450846 N 345606

Þrjú túngarðsbrot 014A-C liggja í mildum boga norðaustur-suðvestur um 260 m leið, frá hlið Krosshóls í norðaustri niður á brún Kverkarinnar í suðvestri. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 segir: „14). Suður af [011] er tvö túngarðsbrot sem liggja hlið við hlið upp hliðina.“ Efst á svæðinu er grasgróin Krosshólsbrekka sem hallar lítillga til VSV og suðvesturs. Suðvestan undir brekkunni er þýft og deig Krosshólsmýrin. Þar suðvestan við tekur svo við rofin Borgarklöppin, áður en við tekur aftur grasgróinn bakki frá klöppinni út á brún Kverkarinnar.


Samtals eru garðbrotin þrjú um 150 m á lengd, en um 40-60 m eru á milli þeirra. Garðlögin eru grjót- og torfhláðin, 1-1,5 m á breidd og 0,4-1 m á hæð. Garðbrot 014A er í austurhlíð Krosshóls 012 og liggur frá rótum hólsins niður brekkuna til VSV meðfram vesturjaðri Krosshólsmýrar í um 52 m áður en það hverfur í skurð. Garðlagsbrot 014B kemur í ljós um 50 m VSV og er það nokkuð rofið þar að norðanverðu. Það liggur meira norðaustur-suðvestur og er það um 63 m á lengd. Það endar í vestri í rofabarði og bíslóða sem liggur samsíða garðlaginu að suðvestanverðu upp brekkuna í átt að Krosshól. Þriðji bútur garðlagsins 014C kemur svo í ljós suðvestan undir Borgarklöpp 054 og liggur hann til VSV um 35 m út á brún Kverkarinnar. Hafa þessi garðlög trúlega myndað eitt langt garðlag sem var að minnsta kosti 160 m á lengd. Mjög líklega er hér um gamlan túngarð að ræða sem gæti hugsanlega hafa tengst horfinni fjárborg sem stóð áður á Borgarklöpp 054.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GS: drög að byggðasögu



Mynd 4. Garðlag 014A við ratur Krosshóls, horft til suðvesturs.



Mynd 5. Garðlagsbrot 014A-C eru í mildum boga og liggja niður brekkuna frá Krosshól í norðaustri meðfram Krosshólsmýri vestanverðri og niður að brún Kverkarinnar í suðvestri. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

RA-069:015 tóft fjárhús

A 450865 N 345370

Á túnakorti Seljalands frá 1924 er útihús um 190 m NNA við Austurbæ 001 og um 65 m ANA við útihús 018. Samkvæmt túnakorti var fjárhúsið á túnbletti sem tilheyrði Vesturbæ 003 svo líklega hefur húsið verið nýtt þaðan. Húsið sést einnig á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Tóftin stendur á 3-5 m breiðum grasigrónum hjalla ofarlega í Kinn. Um 4 m austan og ofan við tóftina er lítill klettasnös í efri brún Kinnar. Brekkan framan og VSV við tóftina hallar 30-40° niður til VSV niður að litlum kletti í sléttuðu túni sem skýlir tóft 017 að norðvestan verðu. Aðeins er um 1 m milli inngangs inn í tóftina og brekkubrúnar. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 segir: „15) g) Enn sunnar í 208° frá vestasta bæ Seljalands, undir smá kletti, er ferh. tóft, vísar í 253°, l 6, veggjaþ. C 1.5, br 3,4. Veggir úr grjóti + torfi, h. 1,3. Hrunið inn í dyr. Yfirgróið að mestu.“

Tóftin er einföld, um 8 m á lengd, um 5,5 m á breidd og liggur ANA-VSV. Tóftin er hlaðin úr torfi og grjóti en hleðslur eru teknar að síga. Veggir eru um 0,5-1,5 m á hæð og um 2 m á breidd. Gengið er inn í tóft að vestanverðu en inngangur er samfallinn. Hefur líklega verið um 0,5 m á breidd. Innanmál tóftar er um 4x1,5 m en breidd hennar að innan hefur líklega verið um 2 m fyrir sig veggja. Engin garðaundirstaða er sjáanleg en vegna smæðar hefur húsið líklega verið jötihús. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 telja heimildamenn hennar að á þessum slóðum (015-017) hafi Hvassatún staðið en þessi tóft er allt of ungleg til að tengjast því á nokkurn hátt enda er hún líklega enn í notkun árið 1924 þegar túnakort Seljalands er teiknað.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1924; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; GS: drög að byggðasögu



Mynd 6. Tóft RA-069:015, horft til suðvesturs.

RA-069:016 tóft útihús

A 450870 N 345359

Vel grasigróin lítill tóft er um 10 m SSA við fjárhús 015 og um 30 m ASA við útihús 017. Tóftin er líkt og tóft 015 á 3-5 m breiðum grasigrónum hjalla ofarlega í Kinn. Brekkan framan og VSV við tóftina hallar 30-40° niður til VSV. Brekkan er um 5-6 m há. Aðeins eru um 2 m milli inngangs inn í tóftina og brekkubrúnar. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 segir: "16) h) Fast S af [015] eru útlínur annarar ferh. tóttar, vísar í 264°, skipt í 2 þvert á l 5,5, (1,9-2,5: skiptiveggur) br 4. Illa varðveitt."

Tóftin er tvískipt, um 6 m á lengd, um 5 m á breidd og liggur ANA-VSV líkt og tóft 015. Hólf A er óljóst en hefur trúlega verið um 3x1,5 m að innanmáli og snýr ANA-VSV. Hólf B er um 1 m ANA við hólf A. Hólf B er skýrara, um 2x1 m að innanmáli og liggur NNV-SSA.

Gengið var inn í tóft að VSV en inngangur er samfallinn og óljós. Veggir eru sokknir, 1-1,5 m á breidd og <0,5 m á hæð. Hér og þar glittir í hleðslugrjót. Hugsanlega er hér um litla kví eða stekk að ræða en þessi tóft er ekki sýnd á túnakorti frá 1924 svo líklega hefur verið hætt að nota hana eitthvað fyrir þann



Mynd 7. Tóft RA-069:016, horft til suðvesturs.

tíma. Ekki er útilokað að tóftin sé samtíða tóft 016. Samkvæmt skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur telja heimildamenn hennar að á þessum slóðum 015-017 hafi Hvassatún 050 staðið en mjög ólíklegt er að tóft 016 tengist því á nokkurn hátt þar sem hún er enn nokkuð vel greinileg. Talið er að Hvassatún hafi horfið í Markarfljót (sjá 050).

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GS: drög að byggðasögu



Mynd 8. Tóftir útibúsa RA-069:015-018 sem öll eru skráð á teikningu danskra landmalingamanna árið 1906. Loftmyndir: Loftmyndir ehf.

RA-069:017 tóft útihús

A 450837 N 345348

Lítill grasigróin tóft er fast suðvestan undir 3-4 m hárrí klettastrýtu um 150 m NNV við bæ 001, um 35 m VSV við útihús 016 og um 40 m austan við lambhús 018. Húsið sést á bæjarteikningu danskra landmalingamanna frá 1906. Klettastrýtan er í sléttuðu túni og er hún um 20 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur NNV-SSA. Strýtan er vel grasigróin að norðaustan en bert stuðlaberg að suðvestan. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 segir: "17) l) Undir klettinum er ferh. tóft, vísar í 236°, l, 3,5, br 3,4, h 1,1. Stein+ torfhlaðin, grafin inn í hlíð. Yfirgróin."



Mynd 9. Tóft RA-069:017, horft til norðausturs.

Tóftin er einföld, um 4x4 m að utanmáli og hlaðin úr torfi og stuðlabergi. Innanmál tóftar er um 1,5x1,5 m og gengið var inn á suðvesturhlíð. Inngangur er samfallinn. Veggir eru mjög signir, um 1-1,5 m á breidd og 0,2-1,2 m á hæð. Hleðslur standa hæst í austurhorni. Hlutverk tóftar er óljóst en ekki er útilokað að hér hafi verið lítill hrútakofi eða skemma. Tóftin hefur hugsanlega verið samtíða tóft 016. Tóftin er ekki sýnd á túnakorti frá 1924 svo líklega hefur verið hætt að nýta hana fyrir þann tíma. Samkvæmt skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur telja heimildamenn hennar að á þessum slóðum

015-017 hafi Hvassatún 050 staðið en það er mjög ólíklegt að tóft 017 tengist því býli á nokkurn hátt þar sem hún er enn nokkuð vel greinleg. Hvassatún er talið hafa horfið í Markafljót (sjá 050).

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; GS: drög að byggðasögu

RA-069:018 tóft lambhús

A 450791 N 345347

Samkvæmt túnakorti Seljalands frá 1924 er útihús um 180 m norðvestan við Austurbæ 001 og um 65 m VSV við útihús 015. Samkvæmt túnakorti var húsið staðsett í túnbletti sem nýttur var frá Vesturbæ 003 svo líklega hefur húsið verið nýtt þaðan. Húsið sést einnig á bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906. Tóftin stendur austan undir 5-6 m hárra grasigróinni hæð sem kallast Seljalandsmúli fast norðvestan við sléttað tún en brekkan hallar á svæðinu 5-10° til suðurs. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur segir: "18) j) V við er hálfuppistandandi tóft. Vísar í 213°, utan l 11,3, br 6,5. 2 raðir af stoðum á hverjum hvíla bitar. Stein+ torf hlaðnir veggir. Þakhellur. Dyr br. 0.55. Bárujárnlíka. Innan br. 3.2, l 8,5. Þakh. 2.6. Líkl. fjárhús - jötur í miðju - 1,1 m frá A-vegg að jötu [austurkról], br jötu [garða] 0,5. Veggjah. 1,7."

Ein stór tóft 018_01 og hugsanlegar leifar af eldra mannvirki 018_02 eru á svæði sem er um 12 m á lengd, um 10 m á breidd og liggur NNA-SSV. Tóft 018_01 er hlaðin úr grjóti og torfi, er um 10,5 m á lengd, um 6,5 m á breidd og snýr NNA-SSV. Innanmál tóftar er um 7x2,5 m en inni í tóftinni er mikið torfhrun úr þaki ásamt braki af timbri og bárujárni. Samkvæmt skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur var tóftin lambhús og greinilegar garðaundirstöður voru eftir húsinu endilöngu en þær eru horfnar undir þakhrun. Tóftin er á svipuðu varðveislustigi og tóft 015 en virðist betur varðveitt. Hugsanlega var hún notuð eitthvað lengur en 015. Engin ummerki eru um þakhellur en ekki er útilokað að búið sé að taka þeim. Veggir standa grónir, eru 1,5-2 m á breidd og 1-2 m á hæð. Grjóthleðslur eru vel greinilegar innan í tóft (3-6 umför) en útveggir eru vel grasigrónir. Veggir mjókka greinilega upp í topp. Gengið var inn að SSV og þar er ennþá greinilegur um 1 m breiður inngangur í suðvesturhorni í gegn um suðurvegg. Fast norðvestan og norðan við tóftina eru óljósar þústir 018_02 eða um 2 m breiðar og <0,5 m háar vel grasigrónar veggjaleifar sem hugsanlega gætu verið afgangur af mun eldra mannvirki sem stóð á svipuðum stað. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Ef um eldri tóftarleifar er að ræða hefur tóftin verið að minnsta kosti um 8 m á lengd og snúið svipað og tóft 01 en breidd er óljós. Tóft 01 hefur þá verið byggð yfir suðausturvegg mannvirkis 02. Annar veggur er skammt sunnan við tóft 01 og gæti einnig tilheyrt eldra stigi minja. Hann er 5x2 m að stærð og snýr nánast norður-suður. Hann er 0,3 m á hæð og algróinn. Veggurinn nær ekki að tóftinni, á milli er slétt gróið svæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1924; Bæjarteikning danskra landmælingamanna 1906; GS: drög að byggðasögu

RA-069:029 tóft rétt

A 450606 N 345355

Grjóthlaðin rétt stóð vestan undir Bjallanum um 310 m VNV við bæjarhól 001 og um 60 m sunnan við Krikann. Á þessu svæði er sléttað graslendi og malbikaður þjóðvegur 1. Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980 segir: „Sunnan í Seljalandsmúla; ferh. grjóthlaðin tóft. Vísar í 150°. Dyr í N horni. In L 3,8, br 2,1. V.þ. 0,75. Dyr br 0,7, H 1,0. Rétt N þjóðvegur, bak við múlann. Steypt í gólf




Mynd 10. Tóft RA-069:018, horft til ASA.

og A gafl.“ Þar segir einnig: „Hér heiti Bjalli. Setberg [051] var á þessum slóðum. Einnig rétt, nú horfin undir veg.“ Samkvæmt Auði Jónu Sigurðardóttur ábúanda á Eystra-Seljalandi var réttin grjóthlaðin og mjög falleg. Réttin stóð fast suðaustan undir litlum klettakolli sem er fast austan við austurhorn malbikaðs bílastæðis við Þjóðveg 1. Klettakollurinn er um 30x15 m að flatarmáli, 3-4 m á hæð og liggur NNV-SSA. Hluti kollsins er grasigróinn. Aðeins einn dilkur réttarinnar er enn til staðar þar sem hann var byggður í suðurenda klettakollsins. Dilkurinn er grjóthlaðinn, um 6 m á lengd, um 3,5 m á breidd og liggur norðvestur-suðaustur. Innanmál dilks er 4x1,5 m. Veggir dilksins eru grjóthlaðnir, um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hugsanlega hefur verið inngangur til norðurs í norðausturhorni dilksins en einnig gæti grjótið hafa verið fjarlæggt eða hrunið. Botn dilksins er grasigróinn að norðvestan og hallar 2-5° til suðausturs en suðausturendi botns hefur verið grjóthlaðinn í grunninn og steinsteyptur ofan á. Suðausturendi dilksins er brotinn upp eftir að réttin var rifin og sjást þar stórir steypuklumpar á dreif fyrir neðan en dilkurinn er opinn til suðausturs. Hugsanlega hafa verið tröppur upp í dilkinn. Engin ljósmynd hefur fundist af réttinni þrátt fyrir nokkra leit Auðar Sigurðardóttur og hún treysti sér ekki til að lýsa henni nánar.

Eftir endurskoðun á skráningu á svæðinu og viðtal við Hálfan Ómar Hálfanarson í apríl 2023 kom í ljós að þetta eina hólf sem eftir stendur utan í Setbergi var þaðþró fyrir sauðfé sem skemmd var um eða fyrir 1970 vegna vegagerðar. Tóftin stendur enn.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: GS: drög að byggðasögu



Mynd 11. Tóft RA-069:019 er leifar af þaðþró fyrir sauðfé.


RA-069:043 tóft hrútakofi

A 450877 N 345496

Einföld tóft er um 120 m norðan við fjárhús 015, um 280 m norðan við bæjarhól 001 og um 120 m austan við austurbrún Krikans. Tóftin er um 4-5 m ofan og norðaustan við Hátún í brún sama hjalla og tóftir 015 og 016. Hjallinn liggur á svæðinu norður-suður, er um 10-15 m breiður, þýfður og vel grasigróinn. Tóftir 018 og Hnúkahús 011 sást vel frá tóftinni. Tóftin er einföld og hlaðin úr torfi og grjóti, um 9 m á lengd, um 8,5 m á breidd og liggur norður-suður. Innanmál tóftar er 3x2,5 m. Veggir tóftarinnar eru um 2-2,5 m á breidd og 0,5-1 m á hæð (1-2 umför sjáanleg). Gengið var inn að vestanverðu um 0,5 m breiðan inngang sem er greinilegur enn. Veggir tóftarinnar eru að hluta samfallnir inn í tóftina að sunnanverðu. Tóftin er vel grasi- og mosagróin en í tóftinni glittir í leifar af bárujárnri sem hugsanlega hefur verið í þaki tóftarinnar. Hugsanlega gæti hafa verið kassalaga heystæði eða lítil rétt sunnan við tóftina, um 5x2 m að innanmáli, en það er mjög óljóst og engir eiginlegir veggir greinanlegir. Túngarður umhverfis Kotatún 076 hefur legið framhjá tóftinni að norðaustan- og sunnanverðu ef marka má uppistandandi leifar en þar eru óljós merki um garðlagið í dag (2023).

Varðveislustig tóftarinnar virðist vera svipað og í útihúsum 015 og 018. Samkvæmt Hálfani Ómari Hálfanarsyni, heimildamanni, var þessi tóft sögð hafa verið hrútakofi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 12. Hrutakofi RA-069:043, horft til NNV. Óljóst er hægt að greina kassalaga dæld fast sunnan við tóftina sem gæti hafa verið heystæði eða lítil rétt.

RA-069:049 *Hátún* bæjarstæði býli
 Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir um býlið: „Hátún hjet hjáleiga í Seljalands túni. Er eyðilögð fyrir manna minni. Landskuld veit enginn hvað verið hefur. Tóftir eru uppgrónar og grasi vaxnar. Kann ekki aftur byggjast vegna aðþrengingar uppá heyskap og haga.“ Í Sýslu og sóknalýsingum Rangárvallasýslu frá miðri 19. öld segir: „Hátún, hjáleiga frá Seljalandi, eyðilagðist af sömu orsökum [og Rotabakkar, vegna ágangs Markarfljóts] á 17. öld.“ Í Sunnlenskum byggðum IV segir um Hátún: „Hátún fór í eyði fyrir manna minni 1709.“ Í örnefnaskrá Seljalands segir: „Norður af Bjalla er Kotatún [076]. Kinn heitir brekka til útnorðurs af bænum. Vestan við Kinn er Hátún.“ Samkvæmt Hálfani Ómari Hálfanarsyni, heimildamanni, er Hátún sléttað tún um 325 m NNA við bæjarhól Seljalands RA-069:001 og fast austan og ofan Krosshólmstyrar. Túnið er um 75x50 m stór, grasigróin flöt sem snýr NNA-SSV og hallar lítillaga til SSV. Nákvæm staðsetning býlisins er óþekkt. Engin greinileg ummerki um býli eru sjáanlega á yfirborði í Hátúni. Frásagnir Sýslu og sóknalýsinga gefa vísbendingu um að býlið hafi horfið í Markarfljót. Segir þar einnig frá að Seljaland hafi misst stórt engjastykki af engjum sínum vegna skriðhlaups á 18. öld. Hafa leifar býlisins Hátúns því trúlega verið sléttuð í tún eða eru horfin vegna landrofs.

A 450984 N 345532



Mynd 13. Hátún 049, horft til SSV.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM I, 88; SB IV, 173; Ö-Seljaland, 2; SSR, 59 og 63.

RA-069:050 *Hvasstún* bæjarstaði býli

A 450919 N 345448

Í Jarðabók Árna og Páls frá 1709 segir um býlið: „[...] önnur hjáleiga. Meínast eyðilögð af Markarfljóts hlaupi fyrir 60 árum [um 1650] eða nokkuð meir. Kann aldrei aftur byggjast því landið er af brotið.“ Í Sýslu- og sóknarlýsingum Rangárvallasýslu segir: „Hvasstún, hjáleiga frá Seljalandi, skammt fyrir ofan bæinn, eyðilagðist 1635“. Í Sunlenskum byggðum IV segir um Hvasstún: „Hvasstún var skammt fyrir ofan bæinn á Seljalandi og fór í eyði um 1635 vegna hlaups í Markarfljóti.“ Í skráningu Guðrúnar Sveinbjarnardóttur frá 1980-1981 segir: „Núverandi ábúendur Seljalands telja hana hafa verið í slakka ofan bæjarins (þar sem nr. 15, 16 og 17 eru). Ef sú staðsetning er rétt, er harla ólíklegt, að hjáleigan hafi eyðst af völdum fljótsins, nema að það hafi verið landrymi hennar sem mest allt fór í fljótið.“ Samkvæmt Hálfani Ómari Hálfdanarsyni, heimildamanni, er Hvasstún fast sunnan og neðan við Hátún um 235 m norðan við bæjarhólinn í Seljalandi RA-069:001. Túnið er slétt grasigróin flöt sem er um 90x45 m að flatarmáli og snýr NNA-SSV. Flötin hallar lítillega til SSV. Engin greinileg ummerki um býli eru sjáanlega á yfirborði á þessu svæði en greinilegt er að vatnsagi hefur nokkuð nagað úr landi Seljalands í brekkunum suðvestur af Hátúni og Hvasstúni. Nákvæm staðsetning býlisins er óþekkt. Ekki er útilokað að býlið hafi verið í nágrenni Kotatúns 076 á svipuðum stað og tóftir RA-069:015-018 standa í dag (2023). Líklegt þykir að leifar býlisins Hvasstúns hafi verið sléttaðar í tún eða horfið vegna landrofs.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: JÁM I, 88; SB IV, 173; GS: drög að byggðasögu; SSR, 59 og 63.

RA-069:053 garðlag vörslugarður

A 450643 N 345312

Fast vestan undir Bjallanum er grasigróið garðlagsbrot um 300 m VNV við bæjarhól 001 og um 10 m austan við tóft 029. Garðlagið liggur meðfram rótum Bjallans um slétt graslendi. Fast austan við garðlagið er grasigróin brekka sem hallar 30-40° til VSV. Garðlagið er torf- og grjóthlaðið, um 95 m á lengd, um 1 m á breidd og 0,2-1 m á hæð. Garðlagið liggur NNV-SSA og hverfur í báða enda upp við vesturhlíð Bjallans. Eftir því sem nær dregur norðurenda hverfur efri hlið garðlagsins þar sem það er hlaðið upp við brekkuna. Hugsanlega hefur þetta garðlag þjónað sem hluti af gerði eða nátthaga sem rollur voru geymdar í áður en/efir að þær voru reknar inn í rétt 029. Einnig er hugsanlegt að hér sé um að ræða leifar af gamla túngarðinum 069 eða hleðslur undir girðingu. Rétt 029 og svæðið suðvestan við garðlagið voru sléttuð þegar unnið var við endurbætur á þjóðveg 1.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda.

RA-069:054 *Borgarklöpp* heimild um fjárskýli

A 450790 N 345559

Í örnefnaskrá Seljalands segir: „Upp af Kotatúni er Hundaskinnstorfa og upp af henni Borgarklöpp. Þar var fjárborg um skeið.“ Borgarklöpp er lág náttúruleg klöpp fast norðan og ofan við Kotatún 076. Klöppin er að mestu grasigróin en stórt rofabarð er í klöppinni að austanverðu. Klöppin er um 360 m NNV við bæjarhól 001 og um 120 m SSV og neðan við Hnúkahús 011. Engar leifar af fjárborg eru greinanlegar á svæðinu. Ekki er útilokað að mannvirki hafi staðið efst á klöppinni eða hugsanlega í lægðinni suðvestan undir henni, milli garðlagsbrota 014C og 076A. Þar er hugsanlega hægt að greina tvískipt hól meðfram garðlagi 076A að utanverðu sem hefur verið um 30 m á lengd, 10-12 m á breidd og snúið ANA-VSV, en það er mjög óljóst.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Ö-Seljaland, 2



Mynd 14. Borgarklöpp RA-069:054 og garðbrot 014C (vinstri) og 076A (hægri), borft til ANA. Hálfðan Ómar Hálfðanarson, heimildamaður, þjónar sem skali fyrir miðri mynd. Hugsanlega gæti hafa verið mannvirki á milli þessara garðlaga en það er mjög óljóst.

RA-069:064 garðlag túngarður

Lítið túngarðsbrot er um 300 m norðan við bæjarhól 001 og um 25 m norðaustan og ofan við Kotatún 076. Garðlagið liggur meðfram brún grasigróins 3 m hásk bakka en framan og suðvestan við bakkann er stórt rofabarð. Garðlagið er torfhlaðið og vel grasi- og mosagróið. Það er um 15 m á lengd, um 2 m á breidd, 0,5-1 m á hæð og liggur norðvestur-suðaustur. Garðlagið er nokkuð vel varðveitt og lítur út fyrir að vera yngra en túngarður Kotatúns 076. Ekki er útilokað að það hafi verið hlaðið sem áframhald eða bót á túngarðinn umhverfis Kotatún eftir að rofabarðið neðan við bakkann myndaðist. Þó er hann nokkuð herra uppi og úr línu við hin garðbrotin umhverfis túnið sem eftir eru og virðist ekki tengjast þeim á neinn greinilegan hátt. Hugsanlega gæti það hafa náð lengra til vesturs og tengs garðlagi 014 á Borgarklöpp en þar er stórt rofabarð. Hlutverk garðlagsins er óljóst en líklegast er að hér sé um gamlan túngarð að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

A 450858 N 345535



Mynd 15. Garðlagsbrot 064, borft til ASA

RA-069:069 garðlag túngarður

A 450716 N 345222

Túngarðsbrot 069 er um 50 m suðvestan við bæjarhól 001 fast vestan við malarveginn heim að Seljalandi. Samkvæmt túnakorti frá 1924 og bæjarteikningu danskra landmælingamanna frá 1906 var túngarður meðfram öllum suðurenda heimatúns bæði suðaustan og suðvestan við bæ 001. Túngarðurinn lá meðfram heimatúni sunnanverðu frá tröð 010 til vesturs. Á þessu svæði er malarvegur sem liggur heim að íbúðarhúsi en sitt hvoru megin við veginn að norðvestan og suðaustan er sléttað graslendi og tún. Norðan við garðinn er skógrækt Seljalandsbæja. Leifar af túngarðsbroti 069 er um 8 m sunnan við suðvesturhorn garðlags sem var umhverfis kálgarð 061. Túngarðurinn er um 55 m á lengd, 1-2 m á breidd, 0,2-0,8 m á hæð og liggur VNV-ASA. Garðlagið er torfhlaðið og liggur til vesturs inn í skógrækt milli bæjanna Seljalands og Ytra-Seljalands og endar um 5 m ASA við heimreið heim að Ytra-Seljalandi um 90 m VSV við bæjarhól 001. Túngarðurinn var einnig suður með túni austan traðar 010 og lá alla leið suður fyrir rjómabú 041 um 500 m suðaustan við bæjarhól 001 en öll ummerki um þann hluta túngarðsins eru horfin vegna túnasléttunar og bygginga.

Innan deiliskráningarsvæðis árið 2023 er túngarður 069 sem merktur er á túnakort frá 1906 horfinn á yfirborði á um 100 m löngum kafla, vegna sléttunar og framkvæmda um 115 m vestan við bæjarhól Seljalands. Á þessu svæði er sléttlent og þýft graslendi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: Túnakort 1924; Bæjarteikning danska landmælingamanna 1906


RA-069:071 renna áveita

A 450733 342998

Í Sunnlenskum byggðum IV segir: „Um og fyrir síðustu aldamót lagðist Markarfljót tíðum austur með Fjöllum. Einkum hætti fljótinu til að renna austur með á vetrum, þegar frost voru og ís og krapí hlóðst í Fljótsfarveginn. Flæddi þá vatnið yfir sléttlendið suðaustur um Mýrabæi og Holtsós. [...] Vigfús Bergsteinsson [...] hafði forystu um að árið 1910 var byggður varanlegur garður fyrir Markarfljót suðvestan Seljalandsmúla. [...] Gerður var grjóttvarinn garður frá Setbergi við Seljaland 700 m suðvestur á láglandið. [...] Árin 1917 og 1918 var garðurinn lengdur og styrktur. Eftir 1922 var flóðgátt sett á hann til þess að vatn næði til áveitna. Síðar, eftir að stórvirkar vélar og bílar komu til, hefur garðurinn enn verið lengur, styrktur og hækkaður. Er hann nú á fjórða km á lengd.“ Líkt og kemur fram í Sunnlenskum byggðum var svæðið sunnan við bæinn nýtt til áveitu. Árið 1924 var skurður grafinn syðst í landi Seljalands en ekki er ljóst hvort hann náði út fyrir land jarðarinnar, skurðurinn endar við Sandhólsmaveg sem er á landamerkjum. Ekki er ljóst hversu stórt svæði áveitan náði yfir, nyrsti hluti svæðisins er kominn undir í skógrækt en það svæði virðist ennfremur hafa orðið einna verst úti af völdum Markarfljóts. Syðri hluti svæðisins slapp við ágang fljótsins og þar sést áveitan enn og líklega náði hún einungis til þess svæðis. Alls voru skráð fimm mannvirki tengd áveitunni á 750x250 m stóru svæði sem snýr norðvestur-suðaustur. Þetta eru skurður 071_1, skurður 071_02, varnargarður 071_03, varnargarður 071_04 og flóðgarður 071_05. Áveitan náði frá flóðgátt (utan svæðis) og vatnið leitt eftir náttúrulegum farvegum í handgrafna skurði að sögn Hálfðanar Ó. Hálfðanarsonar.

Áveitan er á grónu, flatlendu svæði. Víða eru gróinir lækjarfarvegir en ekki er fyllilega ljóst á hvaða svæði var veitt. Skógrækt er til norðurs og gróin tún til austurs.

Skurður 071_01 er syðst innan deiliskráningarsvæðis. Hann er um 220 m langur og liggur suðaustur-norðvestur. Skurðurinn var handgraffinn en búið að grafa hann fram síðan, hann er um 3 m á breidd. Skurðurinn er raskaður, m.a. er búið að plægja ljósleidara í gegnum og gera vegslóða að túni. Við norðurenda skurðsins er fyrirhleðsla 071_03, á mörkum hans og lækjarfarvegs. Greinilegt er að farvegurinn norðan skurðsins er niðurgrafinn að einhverju leyti, bakkar hans eru það beinir. Skurður 071_02 er 400 m norðvestan við skurð 071_01. Hann er tæplega 160 m langur og endar við landamerki Seljalandsseis RA-069b. Engin ummerki sjást um skurðinn þar. Skurðurinn liggur norðvestur-suðaustur, er 3 m á breidd og 0,4 m á dýpt. Ekki er vitað hvort hann er samtíða skurði 071_01 eða



Mynd 16. Áveitumannvirki RA-069:071 sunnan þjóðveggar 1 syðst á deiliskráningarsvæði 1. Bláar línur sýna skurði og farvegi og dökkar línur sína garðlög. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

handgerður en hann tilheyrir án efa áveitunni, fyrirhleðsla 071_04 gefur það berlega til kynna. Hleðsla 071_03 er við norðvesturenda skurðs 071_01 líkt og áður kom fram. Hleðslan er vestan við náttúrulegan farveg, á mörkum hans og skurðar 071_01 sem er manngerður. Sjálf stíflan er horfin en líklega var hægt að stjórna vatnsflæði með loku. Hleðslan er 1 m á breidd, 0,3 m á hæð og líklega torfhlaðin. Hún er um 20 m löng og liggur norðvestur-suðaustur. Hleðsla 071_04 er við norðurenda skurðs 071_02, nánast á mörkum gróins svæðis til suðurs og rofins svæðis til norðurs. Markarfljót tók allan jarðveg norðan við skurðinn um og eftir þarsíðustu aldamót. Hleðslan er 1 m á breidd, um 50 m löng, 0,3-0,5 m á hæð og er torfhlaðin. Hún hlykkjast eftir vesturbrún lækjarfarvegs og veitti vatni í skurðinn til suðurs, líklega úr læk sem rann þarna eftir að Markarfljóti var veitt annað. Flóðgarður 071_05 er 160 m norðaustan við hleðslu 071_04. Garðurinn liggur til suðurs frá rofbrún og greinilegt að Markarfljót rauf jarðveg til norðurs. Hægt er að rekja garðinn lengra til suðurs á loftmynd tekinni árið 2000 af Loftmyndum ehf. Líklega var renna eða skurður fast austan við flóðgarðinn. Garðurinn er um 80 langur og liggur NNV-SSA. Hann er rofinn í suðurenda, þar er vegslóði. Hann er um 0,3 m á hæð og 1 m á breidd. Á loftmynd frá 2000 sést að flóðgarðurinn náði um 130 m lengra til suðurs og lá í sveig að farvegi, þeim sama og hleðsla 071_03 er við nokkuð suðaustar.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda

Heimildir: SB IV, 107-110



Mynd 17. Skurður RA-069:071_01 (vinstri), horft til suðausturs, og bleðsla RA-069:071_03 (hægri), horft til norðurs.




Mynd 18. Garðlag RA-069:071_04 (vinstri), horft til suðurs, og flóðgarður RA-069:071_05, horft til norðurs.

RA-069:072 tóft óþekkt

A 450672 N 345345

Hugsanleg tóft er efst í suðvestanverðum Bjallanum um 260 m VNV við Seljaland 001 og um 70 m vestan við klettinn Setberg. Efst í Bjallanum er um 3-5 m breiður grasigróinn hjalli sem hallar mildilega til suðvesturs undir berum og hálfgrónum klettunum. Undir klettunum er óljós, grjót og torfhlaðin tóft sem er um 7 m á lengd, 3 m á breidd og snýr norðvestur-suðaustur. Innanmál er um 3x1,5 m og um 0,5-1 m djúpt. Enginn greinilegur inngangur er á tóftinni. Veggir eru grasigrónir og líklega grjóthlaðnir, um 1 m á breidd og 0,5-1 m á hæð. Hlutverk er óþekkt en út frá lögun og staðsetningu gæti þetta hugsanlega verið gamalt skotbyrgi.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Mynd 19. Tóft 072 efst undir Bjallanum, horft til ANA.

RA-069:073 tóft óþekkt

A 450815 N 345730

Lítill tóft stendur hátt, fast vestan undir Hnaukum, um 520 m NNV við bæinn í Seljalandi 001 og um 40 m norðvestan við Hnaukahús 011. Öxl Hnauka er vel grasgróin og flatlend. Fast norðan við tóftina er grasgróið Hnaukatún og sunnan undir tóftinni er grasgróinn hjallinn sem Hnaukahús 011 standa á. Tóftin er einföld og grjóthlaðin og snýr norðaustur-suðvestur. Hún er um 8,5 m á lengd, um 6 m á breidd og vel grasgróin. Veggir eru signir, um 1,5-2,5 m á breidd og aðeins um 0,2-0,5 m á hæð. Innanmál er um 4x2 m en ekki er ljóst hvort inngangur hefur verið á tóftinni. Hlutverk er óþekkt en löggun og staðsetning tóftar gæti gefið til kynna að hér sé um heystæði að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 20. Tóft 073 fast vestan undir Hnaukum, horft til NNW.

RA-069:074 tóft óþekkt

A 450991 N 345583

Óljós, lítill tóft er í suðausturenda Krosshólsflatar og fast norðan og ofan við Hátún 049, um 365 m NNA við bæjarhól í Seljalandi 001 og um 140 m norðaustan við hrútakofa 043. Tóftin hefur verið hlaðin ofan í öxl Krosshólsflatarinnar. Svæðið hallar nokkuð á þessum stað bæði til suðvesturs og suðausturs og er tóftin aðeins sjáanlega að ofan. Tóftin er um 5 m á lengd og um 4,5 m á breidd og

vel grasigróin. Ekki sjást neinar greinilegar grjóthleðslur. Innanmál er kassalaga, um 1,5x1,5 m og er tóftin opin til austurs. Veggir eru um 0,2-0,5 m á hæð og um 1,5-2 m á breidd. Veggir eru aðeins greinilegir að suðvestan og sunnan. Hlutverk þessa mannvirkis er óþekkt en lögun og staðsetning gæti hugsanlega gefið til kynna að hér sé um brunn að ræða.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda




Mynd 21. Tóft RA-069:073 fast vestan undir Hnaukum, horft til NNV.

RA-069:075 tóft óþekkt


A 450938 N 345501

Óljós tóft er í suðvesturjaðri Hátúns 049, um 280 m norðan við bæinn í Seljalandi 001 og um 60 m ofan og austan við hrútakofa RA-069:043. Tóftin er í mildum halla til vesturs, á mörkun Hátúns 049 og Krosshólmsmýrar. Svæðið er vel grasigróið og þýft. Krosshólmsmýri er nokkuð blaut. Tóftin er einföld og torfhláðin, um 8 m á lengd, um 7 m á breidd og snýr norður-suður. Líklega hefur hún verið opin til vesturs en þar er óljós um 0,5 m breidd dæld í vesturvegg. Veggir eru signir, um 0,2-0,5 m á hæð og 1,5-2,5 m á breidd. Innanmál er 3,5x2,5 m. Engar grjóthleðslur eru sjáanlegar. Hlutverk þessarar tóftar er óþekkt en staðsetning og lögun gætu gefið til kynna að hér hafi verið heystæði.

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda



Mynd 22. Tóft RA-069:075 á mörkun Hátúns 049 og Krosshólmsmýrar. Horft til norðurs.



Mynd 23. Kotatún RA-069:076 og túngarðsbrot 076A-D norðan Seljalandsbajanna. Útlínur deiliskráningarreiðs eru merktar með hvítri brotalínu. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

RA-069:076 *Kotatún* garðlag túngarður

A 450792 N 345466

Kotatún 076 er sléttá tún norðvestur og upp af bænum Seljalandi um 200 m NNV af bæjarhól 001. Nær það frá Bjallanum í suðvestri og Eystri-Bjalla í suðri, upp aflíðandi brekku til norðausturs að Borgarklöpp 054 í norðri, með Kinn og Krosshólmsmýri í norðaustri og austri. Túnið er líklega sléttá og vel grasigróið, um 200 m á lengd, um 100 m á breidd og liggur NNA-SSV. Bogalaga klettabrún Kverkarinnar afmarkar túnið að vestanverðu líkt og tekinn hafi verið stór biti úr síðu þess. Engar greinilegar minjar eru sjáanlegar á yfirborði innan túns. Í útjöðrum túnsins uppi á brúninni til austurs og suðausturs, um 40 m norðan við fjárhús 015 og um 170 m NNV við bæjarhól 001 eru greinilegar leifar af túngarðsenda sem afmarkað hefur túnið. Túngarðurinn er enn sjáanlegur hér og þar í bútum frá brún Kverkarinnar að norðan, að norðaustan og austan. Um er að ræða fjögur túngarðsbrot 076A-D sem eru samtals um 180 m á lengd. Í brúninni á þessu svæði norðaustan Kotatúns er einnig hrútakofi 043 sem virðist hafa verið hluti af túngarðinum, eða a.m.k. byggður ofan í hann. Ef túngarður hefur einnig verið umhverfis suður- og vesturhluta túnsins hefur hann líklega verið sléttáður í tún. Garðlagsbrotin eru torf- og grjóthlaðin, 2-3 m á breidd og 0,5-1 m á hæð en nokkuð rofin hér og þar. Stór hluti norðausturhorns túngarðsins virðist horfið í rofabörð. Þó er á þessu svæði annað garðlag 064 sem gæti hafa verið hluti af gerðinu en er nokkuð unglegra og nokkuð ofar en garðlögin neðar í brekkunni (sjá 064).

Hættumat: stórhætta, vegna framkvæmda**Heimildir:** Ö-Seljaland, 2

Mynd 24. Kotatún RA-069:076, horft til SV

5. Niðurstöður

Deiliskráningarsvæði 1

Svæði 1 er sunnan þjóðvegar 1 og er um 155 ha að stærð. Það einkennist af áraurum Markarfljóts að hluta en þeir hafa gróið upp að talsverðu leyti og á þeim er nokkuð umfangsmikil skógrækt. Sléttuð tún eru suðaustast og norðaustast á svæðinu. Víða má þó enn sjá farvegi eftir læki sem m.a. voru nýttir til áveitu, sjá RA-069:071. Til stendur að útbúa 35 lóðir og byggingareiti fyrir frístundabyggð á svæði 1. Í samráði við Minjastofnun var ákveðið að ekki þyrfti að þaulganga allt svæðið, einungis byggingareitina eða um 50 ha.

Aðeins var skráð eitt minjastaður innan skráningarsvæðis 1 (mynd 25) en honum tilheyrja fimm fornleifar. Sunnarlega á svæðinu fundust ummerki um áveitumannvirki RA-069:071 (tafla 1) en ekki er ljóst hversu stórt svæði þau náðu yfir upphaflega. Skógrækt er yfir norðurhluta svæðisins og engin ummerki áveitunnar fundust innan byggingarreitanna þar. Samtals voru skráðir tveir skurðir, líklega handgrafnir upphaflega, tvö garðlög og einn flóðgarður.

Tafla 1. Listi yfir minjar skráðar innan deiliskráningarsvæða 1 og 2.

Samtala	Sérheiti	Tegund	Hlutverk	Ástand
RA-069:011	Hnaukahús	tóftir	beitarhús	hleðslur standa
RA-069:013		tóft og garðlag	óþekkt	hleðslur signar
RA-069:014		garðlag	túngarður	hleðslur signar
RA-069:015		tóft	fjánhús	hleðslur standa grónar
RA-069:016		tóft	útihús	hleðslur standa grónar
RA-069:017		tóft	útihús	hleðslur standa grónar
RA-069:018		tóft	lambhús	hleðslur standa grónar
RA-069:029		tóft	fjárbað	hleðslur signar
RA-069:053		garðlag	vörslugarður	hleðslur signar
RA-069:043		tóft	hrútakofi	hleðslur standa grónar
RA-069:064		garðlag	túngarður	hleðslur signar
RA-069:049	Hátún	heimild	býli	ekki sést til
RA-069:050	Hvasstún	heimild	býli	ekki sést til
RA-069:069		garðlag	túngarður	ekki sést til
RA-069:071		mannvirki	áveita	hleðslur signar
RA-069:072		tóft	skotbyrgi?	hleðslur signar
RA-069:073		tóft	óþekkt	hleðslur signar
RA-069:074		tóft	óþekkt	hleðslur signar
RA-069:075		tóft	óþekkt	hleðslur signar
RA-069:076	Kotatún	garðlag	túngarður	ekki sést til




Mynd 25. Yfirlitsmynd yfir skráðar minjar innan deiliskráningarsvæðis 1 sunnan Þjóðvegur 1, byggingarreitir eru afmarkaðir með hvítri punktalínu innan þess og voru þaulgengnir. Loftmyndir: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.

Deiliskráningarsvæði 2

Minjadreifing er nokkuð þétt í grasigrónu túni vestan og norðan Ytra-Seljalands innan deiliskráningarsvæðis 2 (mynd 27). Gróflega áætlað er svæðið sem gengið var um 20 ha að stærð og hallar til SSV. Innan þess er áætlað að útbúa um 10 lóðir og byggingarreiti fyrir frístundabyggð. Í suðri nær úttektarsvæðið frá Þjóðvegi 1 vestan Fjósakletta, rúman hálfan kílómetra upp fjallshlíðina í norðaustur að rótum Hnauka- og Vörðuholta. Svæðið er afmarkað í vestri af klettabrúnum austan Markarfljóts, og Efri-Torfmyri og Krosshól norðan og ofan bæja í austri. Lögbýlið Seljaland RA-069 var aðalskráð árið 2013² og voru um 15 minjastaðir þekktir innan úttektarsvæðisins þegar farið var aftur á vettvang í apríl 2023. Við deiliskráningu bættust fimm minjastaðir við (RA-069:072-075) og eru því samtals um 20 minjastaðir skráðir innan svæðisins (tafla 1). Við endurskoðun á tveim minjum, þúst 049 í Kotatúni 076, og tóft 059 sem skráðar voru árið 2013 kom í ljós að líklega var þar um að ræða náttúrumyndanir, líklega vegna rofs og seinni tíma uppgræðslu.

Til eru tvær teikningar af heimatúni Seljalands, bæjarteikningar danskra landmælingamanna frá því um 1906 og túnakort frá um 1920. Á láglandi suðvestan bæjarins í Ytra-Seljalandi, sunnan undir Fjósaklettum, var túngarður RA-069:069 í byrjun 20. aldar en hann er horfinn vegna sléttunar og framkvæmda á öldinni. Til vesturs, suðvestan undir Bjallanum, eru leifar fjárbæðs RA-069:029 utan í suðurenda Setbergs og torf- og grjóthlaðinn vörslugarður RA-069:053. Hátt í sunnanverðum Bjallanum er lítil grjót- og torfhlaðin tóft RA-069:072 sem gæti hugsanlega verið gamalt skotbyrgi. Í túni austan undir Eystri-Bjalla og fast ofan og norðan við Ytra-Seljaland eru fjórar grjót- og torfhlaðnar tóftir RA-069:015-018. Þessi útihús eru teiknuð upp af dönskum landmælingamönnum árið 1906 (nr. 41-42 og 53; sjá mynd 28) en á túnakorti frá um 1920 eru engin útihús merkt í túni á þessum stað, sem gæti gefið til kynna að þá hafi notkun þeirra verið hætt. Hrutakofi RA-069:043 sem er aðeins ofar og norðar í landinu hefur verið byggður á svipaðan hátt og er í svipuðu ástandi og þessar tóftir, sem gæti gefið til kynna að þær séu samtíða. Norðan og ofan Eystri-Bjalla í miðju deiliskráningarsvæðis er Kotatún RA-069:076. Túnið nær norður og upp að Borgarklökk þar sem fjárborg RA-069:054 á að hafa staðið samkvæmt heimildum. Hún er nú horfin og engin greinileg ummerki um fjárborg sjást á yfirborði. Túngarðsbrot RA-069:076A-D og garður RA-069:064 afmarka Kotatún að norðan og austan, og stuttu ofar er annað, brotakennt og rofið garðlag RA-069:014 sem liggur í grófri línu frá brún Kverkarinnar til norðausturs upp í Krosshólsbrekkur. Hugsanlega gætu verið leifar af mannvirki suðvestan undir Borgarklökkinni milli garðlagsbrota 014 og 076A, en þær eru þá mjög sokknar. Þessi


² Ragnheiður Gló Gylfadóttir, 2016, bls. 180-224



Mynd 26. Yfirlitsmynd yfir minjar á deiliskráningarsvæði 2 norðan þjóðvegjar 1. Staðsetning svæðis er merkt sem grænn punktur á Íslandskorti. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.



Mynd 27. Yfirlitsmynd yfir Kotatún RA-069:076 innan svæðis 2 í heimatúni Seljalands. Horft til SSV. Ljósmynd tók Sólveig G. Beck.



Mynd 28. Túnakort danskra landmælingamanna frá byrjun 20. aldar. Teiknuð er upp staðsetning tófta 015, 017 og 018 (auk tóftar 016 sem ekki er sýnd á kortinu). Túngarður 069 er nú horfinn innan deiliskráningarsvæðis 2 sem afmarkað er með hvítri brotalínu.

túngarðsbrot voru skráð saman sem rétt 055 árið 2013 en er hér skipt upp í tvö túngarðsbrot.

Samkvæmt heimildum voru hugsanlega tvö býli innan, eða tengd, þessu svæði. Túnin Hátún og Hvasstún eru norðan Efri-Torfmýrar í vesturenda deiliskráningarsvæðisins. Býlin Hátún 049 og Hvasstún 050 fara í eyði á fyrri hluta 17. aldar vegna ágangs Markarfljóts og skriðufalla í landi Seljalands³ en nákvæm staðsetning þeirra er óljós og engin mannvirki sjást á yfirborði í túnunum tveimur. Líklegt verður þó að teljast að minjar um býlin hafi varðveist að einhverju leyti undir sverði. Mjög líklegt er að býli hafi á einhverjum tím punkti staðið í eða nálægt Kotatúni en engar minjar sjást á yfirborði í túninu í dag. Ein óljós og vel grasigróin tóft RA-069:075 er fast vestan Hátúns í austurjaðri Krosshólsmýrar en hlutverk hennar og aldur er óljós. Fast ofan og norðan Hátúns er svo lítið mannvirki RA-069:074. Hlutverk þess er óþekkt en hugsanlega gæti verið um að ræða hleðslur utan um brunn eða hugsanlega horn tóftar sem gæti hafa orðið undir skriðu. Norðan og ofan við Borgarklöpp er svo Gimbragerði en engin þekkt mannvirki eru tengd gerðinu. Undir Hnaukabrekku í norðausturhorni Gerðisins eru þó greinilegt garðlag og hugsanlega einföld tóft RA-069:013. Að lokum eru efst á svæðinu svonefnd Hnaukahús RA-069:011_01 og _02. Þau eru torf- og grjóthlaðin beitarhús og hlaða sem nýtt voru fram til um 1950, ásamt hugsanlegri tóft RA-069:073 með óljóst hlutverk fast vestan við Hnauka.

Búsetusaga Seljalands nær a.m.k. aftur á 14. öld samkvæmt vísbendingum úr rituðum heimildum en afar líklegt er að byggð þar hefjist mun fyrr, líklega strax á fyrstu áratugum byggðar í landinu ef marka má heimildir og frásagnir um bænhús og hof á svæðinu. Þétt byggð hefur verið á svæðinu þó staðsetning smærri býla sem byggð voru úr landi Seljalands sé nokkuð á reiki. Ljóst er að umfang minja innan deiliskráningarsvæðis 2 er mikið og dreifing minja er mjög þétt. Mjög erfitt verður að afmarka framkvæmdasvæði innan svæðis 2 án þess að rask verði á minjum þar. Innan deiliskráningarsvæðis 1, sunnan þjóðveggar, verður með aðgát hins vegar án efa hægt að forða raski á skráðum minjum. Byggingareitirnir eru flestir í skógræktinni en minjarnar sunnan hennar.

Allar fornminjar sem skráðar voru innan svæðanna tveggja eru skilgreindar í stórhættu vegna framkvæmda. Í tilvikum þar sem óhjákvæmilegt reynist að raska fornminjum vegna framkvæmda er það hlutverk Minjastofnunar Íslands að skera úr um hvort og með hvaða skilmálum fornleifar megi víkja við slíkar aðstæður.

³ JÁM I, 86-88; SSR, 59 og 63

6. Heimildaskrá

DI: *Diplomatarium Islandicum* eða *Íslenskt fornbréfasafn I-XVI*. 1857-1972. Hið íslenska bókmenntafélag;

Kaupmannahöfn og Reykjavík.

GS: Guðrún Sveinbjarnardóttir. 1980-1981. *Handrit að byggðasögu*. Athugasemdir og viðbætur eftir

Þórð Tómasson. Óútgefið. Þjóðminjasafn Íslands.

JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín I. Vestmannaeyja- og Rangárvallasýsla*. 1913-1917.

Kaupmannahöfn.

JJ: Johnsen, J. 1847. *Jarðatal á Íslandi*. Gefið út af J. Johnsen, Kaupmannahöfn.

Landmælingar Íslands. 2023. Bæjarteikningar danskra landmælingamanna. Slóðin er:

<http://atlas.lmi.is/kortasja/>

Ragnheiður Gló Gylfadóttir. 2016. *Aðalskráning fornleifa í Rangárvíngi eystra 2013-2015*. Bindi I. FS597-

13031. Reykjavík, Fornleifastofnun Íslands.

SB IV: *Sunnlenskar byggðir IV: Skaftárþing*. 1985. Björgvin Salómonsson (ritstjóri). Reykjavík:

Búnaðarsamband Suðurlands: [Selfoss].

SSR: *Sýslu- og sóknarlýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1873. Rangárvallasýsla*. 1840. Reykjavík:

Sögufélag.

Tínakort 1918-1924. Þjóðskjalasafn Íslands. Slóðin er:

<http://www.archivesportaleurope.net/eaddisplay//ead/pl/aicode/ISPI/type/fa/id/Stj%C3%B3rnarr%C3%A1%C3%B0+%C3%8Dslands+-+II.+skrifstofa/unitid/IS-%C3%9E%C3%8D-0021-0000-012-E/search/0/t%C3%Banakort>

Ö-Seljaland. Þórður Tómasson skráði. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum,


örnefnasafn.

Viðauki 1: Hnitaskrá ISN93


Samtala	A	N
069011_1	450847	345688
069011_2	450837	345690
69013	450771	345657
069014A	450934	345655
069014B	450846	345606
069014C	450754	345533
069015	450864	345374
069016	450869	345359
069017	450836	345350
069018	450790	345349
069029	450606	345355
069043	450877	345496
069049	450984	345532
069050	450919	345448
069053	450643	345312
069054	450790	345559
069055	450734	345638
069064	450858	345535
069069	450716	345222
069071_1	450732	342996
069071_2	450285	343270
069071_3	450652	343082
069071_4	450253	343394
069071_5	450396	343463
069072	450672	345345
069073	450815	345730
069074	450991	345583
069075	450938	345501
069076	450792	345466
069076A	450758	345526
069076B	450812	345532
069076C	450866	345505
069076D	450886	345449

Viðauki II: Minjakort


Kort 1. Yfirlitskort yfir úttektarsvæði 1 og 2 og staðsetningu korta 2-4. Loftmynd: Loftmyndir ehf. Kortagrunnur: Landmælingar Íslands.



Kort 2. Kort yfir minjar syðst á svæði 1 sunnan Þjóðvegjar 1. Útlínur deiliskráningarreits eru merktar með hvítri brotalínu. Minjastaðir eru merktir með rauðum punkti. Skurðir eru merktir með bláum línunum og garðlög með svörtum flákum. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Kort 3. Kort yfir minjar innan norðurluta svæðis 2 norðan Þjóðveggar 1. Loftmynd: Loftmyndir ehf.



Kort 4. Kort yfir minjar innan suðurhluta svæðis 2 norðan þjóðveggar 1. Loftmynd: Loftmyndir ehf.

